




Lífgeislur

TÍMARIT UM LÍFSAMBÖND VIÐ AÐRAR STJÖRNUR 82. TBL. 16. ÁRG. DES. 1993



Sönn ást er samstilling til aukins sambands við hið æðra líf.

Helgi Pjeturss.

Vetrarbrautin gormlaga

(Sjá mynd á forsíðu)

Svo langt sem sjóntæki mannanna ná að skyggjast út í endalausan geiminn ber fyrir augu ótölulegan skara vetrarbrauta og þær vetrarbrautir sem sjást í allræstum fjarska eru aðeins þær allra björtustu.

Allmjög er útlit vetrarbrauta ólíkt héðan að sjá. Myndin á forsíðu sýnir gormlaga vetrarbraut í miklum fjarska og koma vel í ljós hinir löngu stjörnusveigar við útjaðra hennar og líkist í því tilliti allmjög vetrarbraut þeirri, sem okkar sólhverfi tilheyrir, en það er einmitt í nálægt jaðri hennar, að álit stjörnufræðinga.

Förum sem oftast út á heiðskírum vetrarkvöldum og athugum stjernur og stjörnumerki og látum okkar skiljast, að víða mun þar að finna önnur mannkyn, og að þar verða framlífsbústaðir okkar, þegar héðan er flutt, og ekki munu þeir síður efniskenndir, en sú jörð sem nú er heimkynni okkar, þrátt fyrir allan mun og jafnan til betri áttar en hér er af að segja.

Í framlífslýsingum allra miðla, kemur fram – ef lesið er með náttúrufræðilegum skilningi, – að þar er verið að segja frá efniskenndu lífi í efnisheimi annarra lífstjarna, þrátt fyrir mikinn mun til aukinnar fullkomnunar frá því sem hér er um að ræða.

Og sama er að segja um fjarhrifa-fyrirbæri annarra tegunda; þar er ávallt um reynslu að ræða úr þessum efnisheimi, sem við menn jarðar okkar þekkjum örlítið brot af hér, því allur alheimur er gerður af þessu sama efni, en ekki einhverju allt öðru.

Ingvar Agnarsson.

*(Myndin á forsíðu er fengin úr tímaritinu
Astronomy, okt. 1990, bls. 99).*

Þorsteinn Guðjónsson:

Rofar til fyrir réttum skilningi

Hræðslan við líf í alheimi rénar

Sumir Nýalssinnar sem hafa samband við mig láta í ljós furðulega bjartsýni um framvinduna, enda þótt þeir sjái hve illa er komið og hve illa stefnir. Ástæðan er sú að menn verða varir við, að hinir fornu hleypidómar gegn því sem til skilnings stefnir láta sífellt meir undan, og er gott dæmi gamall maður trúaður, sem skrifar í Velvakanda 17. nóv. sl. og óttast mjög „geimverur“. (Þessar sem „komu ekki“ þann 5. nóv. eins og vænst hafði verið). – Þegar gamli maðurinn er búinn að raða í kringum sig biblíutilvitnunum til varnar gegn „geimverunum“, kemst hann að þeirri niðurstöðu að guð og englar hans standi reyndar föstum fótum á einhverri jarðstjörnu og lifi þar samskonar lífi og við hér, en óendanlega miklu fegra, fullkomnara og samstilltara. Hvað er Nýalsstefna ef ekki þetta – úr óvæntustu átt?

Aðferð Nýalssinna er vísindaleg og heimspekileg, en við vitum líka vel, að lengi var ekki hlustað á annað en að kenning okkar væri trúarbrögð. Nú er eitthvað farið að slakna á böndum þessa hleypidóms. Dropinn holar steininn og löng og sjálfri sér samkvæm málfærsla okkar hefur þrátt fyrir allt unnið á. Það að hafa skilning á trúarbrögðum og kunna að meta það sem þar nokkurs virði, er allt annað en að vera þeim kerfum háður og undirgefinn. – Eins er þetta með flugdiska. Við „trúum ekki á þá“, né á stýrimenn þeirra. En við getum skýrt þá, vitum hvað þeir eru.

Tilraun flugdiskamanna 5. nóv. 1993

Tilraun sú, sem erlendir „flugdiskamenn“ gerðu til þess að ná sambandi við íbúa annarra hnatta við Snæfellsjökul 5. nóv. virðist að ýmsu leyti hafa haft góð áhrif, þó að engir kæmu líkamningarnir. En auðvitað var það þetta, sem átti að gerast, ef nokkurt vit hefði verið í tilrauninni, en ljóskastarar og hávaðaskrall, ásamt fjölmiðlablaðri, átti þarna ekkert erindi, og var hlutaðeigendum til lítillar sæmdar. – Oft er það talinn hinn mesti ósigur að geta ekki staðið við áætlun, en svo var ekki í þetta sinn; ýmsir fóru að hugsa meira en áður.

Stuttu fyrir ráðstefnuna (sem ég sótti ekki) gekk ég inn á Hótel Sögu og spurði eftir herra Dodd, Englendingi sem var annar aðalskipuleggjandi móts þessa. Komst ég að því, sem ekki kom mér allsendis á óvart, að hugmyndir hans um sambandið voru aðrar og réttari en þær sem fjölmiðlamenn og almenningsálitið eigna oft þessum flugdiskamönnum. Taldi hann að farið væri hamförum á milli stjarna (aflíkömun/endurlíkömun), og að „verurnar“ væru í mannsmynd og ef ég tók rétt eftir: að framlífið væri á stjörnunum.

En þó að þetta væri nú allt furðu vel í áttina, fann ég ekki, að herra Dodd hefði nokkurn áhuga á því, að hér á landi hefði lengi verið uppi kenning um þessi efni. Mér virtist sem „félag hans sjálfs“ kynni að vera honum meira virði en framgangur sannleikans. Og þegar ég spurði hversvegna hann hefði ekki beðið neinn Íslending að flytja erindi á ráðstefnunni, sagðist hann ekki hafa vitað til, að hér væru neinir alvöru-flugdiskamenn!

Vera má að svo sé að mestu leyti. En þó var það vítavert af honum að koma með slíka ráðstefnu hingað til lands og ætla að halda hana hér án samráðs við heimamenn, eins og við værum einhver menningarlaus þriðjaflokksþjóð, sem mætti bjóða hvað sem væri. Hefði mr. Dodd kunnað að spyrjast fyrir, þá hefðu óefað margir getað sagt honum að hér væri uppi kenning um þessi mál, sem hann hefði gott af að kynnast.

P. G.

Enn um „flugdiska“

Í sambandi við aðdraganda að hópferð erlendra (og innlendra) flugdiskamanna á Snæfellsjökul 5. nóv. 1993, vaktist upp í blöðum (án míns tilverknaðar) gamalt „flugdiska“mál sem ég átti á sínum tíma nokkra hlutdeild að. Þegar þessi mál voru komin á skrið, skrifaði ég eftirfarandi grein til leiðréttingar og leiðbeiningar og birtist hún í Tímanum 15. okt. undir nafninu Flugdiska-fræði.

P. G.

Með grein um „fljúgandi diska“ (en svo voru þeir nefndir í fyrstunni) í Tímanum 2. október sl. er látin fylgja 17 ára gömul grein eftir mig, sem varðar það málefni, nánar tiltekið um filmu í eigu Raunvísindastofnunar Háskólans, sem hvarf úr vörslu stofnunarinnar. En filman var úr sjálfvirkri myndavél, sem átti að fylgjast með gosinu í Vestmannaeyjum og tók mynd á tveggja mínútna fresti og entist filman nokkra daga. Í hvert skipti sem ný filma barst til Reykjavíkur, var hún framkölluð hjá Sjónvarpinu (af tæknilegum ástæðum), en síðan tók Raunvísindastofnun við henni og setti í safn sitt. Það er filma úr þessari röð sem Einar Þorsteinn Ásgeirsson á við, þegar hann gagnrýnir þá venju hjá Sjónvarpi að leita alltaf til sama manns, þegar flugdiskamál koma upp: „Þetta er undarlegt í ljósi þess, að einmitt innan veggja Háskólans hvarf merkilegt sönnunargagn árið 1973 sem gæti hafa varpað ljósi á þessi mál öll.“

Ástæða þess, að þetta mál kom til minna kasta þá, kemur að nokkru fram í hinni (án minnar vitundar) endurbirtu grein frá árinu 1976, en til nánari skýringar skal þetta sagt: Þorbjörn Sigurgeirsson, þáverandi yfirmaður Raunvísindastofnunar, fór með mér yfir allar filmurnar sem þá voru til, og var þar allt með eðlilegum hætti, nema að einu leyti: það vantaði filmuna frá 24. maí – flugdiskadeginum mikla, sem blöðin birtu fréttir af dagana á eftir. Ég spurði Þorbjörn: „Hefurðu nokkra skýringu á því að þessa filmu og einmitt hana skuli vanta?“ Hann sagðist ekki hafa skýringu á því. Ég spurði: „Geturðu komist að því?“ Hann svaraði: „Ég vil ógjarna efna til óein-ingar meðal starfsmanna stofnunarinnar“ (með nærgöngulum spurningum um hvarf filmunnar).

Magnús Torfi, þá menntamálaráðherra, veitti mér leyfi til eftirgrennslana hjá Sjónvarpinu. Yfirmaður yfirheyrði undir-
mann í minni viðurvist og sagði sá svo frá, að þegar filman
(hin síðar týnda) hafði verið framkölluð, horfðu þeir á hana
saman Sjónvarpsmenn og Raunvísindastofnunarmenn. Sáu
menn þá eitthvað sem líktist fleygu fari á lofti, og kom það
fram á 15 myndum eða sem svaraði því að sýnilegt hefði verið
í 30 mínútur. Hreyfing var á þessu um sjónarsviðið, enda talið
útilokað að um óhreinindi á linsunni væri að ræða. Vakti þetta
athygli viðstaddra, og höfðu Sjónvarpsmenn orð á því, en það
var að skilja á starfsmanni þeim sem þarna var til frásagnar, að
þeir frá Raunvísindastofnun hefðu viljað eyða því umtalsefni.
Tóku þeir við filmunni og fóru með hana, og var hún skráð í
filmubókina, sem Þorbjörn hafði sýnt mér stuttu áður.

Fyrir mitt leyti get ég ekki dregið af þessu aðra ályktun en
þá, að „hluturinn“, þ.e. eitthvert flygildi, hafi verið þarna í raun
og veru, ljósmyndanlegt, og má því teljast skaði að hvarfi
filmunnar.

Birt í Tímanum 15. 10. 1993.

Þorsteinn Guðjónsson:

Draumfræði erlendis og íslensk heimspeki

Í „Íslensku sálfræðibókinni“ sem út kom sl. vor stendur ekki orð um drauma eða eðli þeirra, *ekki orð* á 960 síðum – og þegar ég fór að spyrjast fyrir um þetta, komst ég að því að sérfræðigreiningin er orðin svo mikil að margir eru hættir að sjá skóginn fyrir hinum mörgu trjám sérgreinanna. En þó er til sjónarhæð, þaðan sem vel sér yfir, og á þeirri hæð er æskilegt að sem flestir komi við í framtíðinni. Þessi sjónarhæð er hin íslenska heimspeki dr. Helga Pjeturss.

Þar sem kenning um eðli svefns drauma er undirstaða þeirrar heimspeki buðum við Nýalssinnar nokkrum sálfræðingum og lækni til umræðna um það efni (um mánaðamótin ágúst-september). Þeir þáðu boðið og er ánægjulegt að geta sagt frá því, að umræður urðu í bæði skiptin fjörlegar, fóru vel fram og sýndu, að mínu áliti, styrk Nýalssinna. Á síðari fundinum tóku þrír sálfræðingar til máls, en sex Nýalssinnar, og komu þeir tvímælalauast fram sem samstæð heild, þótt óundirbúnir væru. Það er að verða deginum ljósara, að merkustu nýjungar í draumfræði erlendis tengjast best hinni íslensku draumakenningu og skýrast út frá henni.

Draumfræði sú sem menn höfðu á fyrsta hluta þessara aldar og kennd var mest við Freud, sýndi sig að vera óframfarahæf. Fóru menn að sjá, að þar var engin raunveruleg undirstaða sem byggt varð á, og jafnvel, að athuganir sumra lítt þekktra draumfræðinga væru merkari en táknatengingar Freuds. Upp úr 1950 kom til skjalanna Chicagóskólinn svokallaði í draumfræðum. Kleitman, Dement, Aserinsky o.fl. báru saman ytri og innri athuganir, það er annars vegar skráningu á heilalínuriti, hjartalínuriti og augnhreyfingum sofandi manns en hinsvegar

frásögn sofandans sjálfs af því, sem hann dreymir. Samtengd athugun þessara þátta gaf tilefni til vissra ályktana um gang draumsins og menn komust að marktækum niðurstöðum: um draumtímann, um feril draumsins, um misjöfn svefnstig, um litaskynjun í draumi (draumar eru skynjanir!) og þeir fundu að rúmfræði (steróskópí) í draumheimi er samskonar og í umheimi.

Öll þessi atriði komu fyllilega heim og saman við kenningu Nýals, sem er eðlisfræðileg og náttúrufræðileg, og varð heildarniðurstaðan sú, að draumar eru mælanlegt, náttúrufræðilegt fyrirbæri – eins og við höfum alltaf talið, sem fengist höfum við þetta á grunni hinnar íslensku kenningar.

Alda Chicagóskólans fjaraði út – nýjar athuganir hættu að bætast við upp úr 1965 – og kom okkur Nýalssinum það ekki á óvart, í þá daga. En upp úr 1980 fóru óvæntir hlutir að gerast, og voru þar að verki Páll Tholey, Þjóðverji, og Stephen LaBerge, Ameríkumaður við Stanfordháskóla. Má kenna rannsóknir beggja við „könnun draumheima“. Furðulegt er að sjá, og þó ekki annað en það sem vænta mátti, hve nærri þessir menn komast uppsprettulindum Nýals, án þess þó að ná að bergja á þeim. Hvert atriði af öðru kemur heim við atriði, sem hér hafa verið athuguð og margtekin fram. Mennirnir hafa uppgötvað greininguna milli hinna björtu drauma og hinna óskýru, rangþýðingakenndu án þess að hafa hugmynd um hvað veldur! Greiningin milli „vision dreams“ (ljósir draumar) og „illusional dreams“ (rangþýðingadraumar) í enskri ritgerð eftir dr. Helga frá því um 1926 er þarna enduruppgötvað eins og margt annað – en þó, því miður, án þess að kjarni málsins, samband við draumgjafa, hafi uppgötvað verið.

Þessu þyrftu Íslendingar að geta bætt við, til þess að verulegur árangur yrði í þessum fræðum. „Eftir er enn yðar hluti,“ sagði góður Íslendingur forðum við landa sína.

Samband við draumgjafa er undirstöðueðli draumlífsins. Og samband við stjarnlífið byggist á slíkum lífrænum sambandsmöguleikum, en ekki á snigilhægum ferðalögum um geiminn á tölvustýrðum hólkum úr áli og stáli.

Mbl. 23. 10. 1993.


Þorsteinn Guðjónsson:

Slysa-aldan

Frá áramótum hefur hvert slysið rekið annað, og með furðulega slysalegum hætti hafa sum þeirra orðið; dauðaslysin og örkumlaslysin eru verst; en einnig eignatjón getur orðið átakanlegt – eins og orðið hefði, ef Þjóðminjasafnið hefði brunnið, en þar segja menn, að ekki hafi mátt miklu muna. Mér kemur nú í hug, hvort ekki mætti stöðva framhald slíkra atburða með því að hafa orð á þessu; þykist raunar mega vera viss um, að slíkt mætti gera, ef almennur skilningur væri á því sambandi hugarfars og atburða, sem stundum virðist geta myndast.

Dæmi um það, að ár hafi byrjað á þennan hátt, voru til dæmis Grindavíkursjóslysin um árið; fórst þá hver báturinn eftir annan í innsiglingu til Grindavíkur, svo að nærri því mátti „bóka“, að bátur færist þar áður en vika liði frá síðasta slysi. Vitanlega var innsiglingin varasöm og veðrin hörð, en fyrr mátti nú vera. Ég lít svo á að vel mætti leyfa sér að beita hugarafli gegn „næstu slysum“ út janúarmánuð, svo að ferillinn verði ekki jafn blóðugur og nú horfir til. – Það sem þarf að stilla til með réttu hugarfari er samband við hnetti þar sem hugsunarháttur er heilbrigðari en hér er. En slíkir hnettir eru einmitt þar, sem menn vita af sambandi sínu við betri lífkerfi í alheimi.

Ritað um 20. jan. 1994; ekki birt þá..



„Hve voldugt og djúpt er ei himins haf / og hásigldar snekkjur sem leiðina þreyta.“ *E. B.*

Ólafur Halldórsson:

Um nýalska heimsfræði

Inngangur

Að svo miklu leyti sem unnt er að skilgreina viðfangsefni nýalskrar heimsfræði í stuttu máli má segja að þau séu í meginatriðum hin sömu og felast almennt í ástundun heimspékilegrar hugsunar: Viðleitni til að skilja stöðu mannsins í heiminum, og þá jafnframt að kanna og skilgreina þá veröld sem maðurinn býr í.

Heimsfræði dr. Helga Pjeturss minnir í fljótu bragði á hátimbraðar og alltumlykjandi heimsmyndir fyrri tíma heimspékinga, t.d. Hegels, en hún er þó frábrugðin flestum öðrum (heimspekikeningum eða -kerfum) að því leyti að í henni felst ekki aðeins tilraun til að *skoða og skilja* heiminn, heldur gerir hún jafnframt kröfu til að vera eins konar leiðarvísir er geti bent mannkyni frá þeim ógöngum sem það stefni nú í. Í heimsfræði þessari felst því ákveðið *markmið* sem m.a. byggist á því að beitt sé aðferðum náttúruvísinda við að kanna eðli ýmissa fyrirbæra sem til þessa hafa mörg verið talin viðfangsefni dulfræða. Slík þekking er talin mikilvæg þar eð hún muni verða mannkyni mjög til heilla; raunar skipta sköpum varðandi framtíðarmöguleika jarðarbúa.

„Það sem þúsundir milljóna hafa haldið vera líf í andaheimi eða goðheimi, er lífið á öðrum hnöttum. Þessi hugsun, sem segja má með svo fáum orðum, verður upphaf að meiri breytingum til batnaðar á högum mannkynsins, en orðið hafa um allar aldir áður.“ (Nýall, bls. 9, útg. 1955).

Raunar má segja að dr. H. P. hafi með heimsfræði sinni gert tilraun til þess að þræða einstigið milli raunvísinda og heimspéki; sumar kenninga hans hafa beina skírskotun til niðurstaðna tilraunavísinda eða má líta á sem vísindalegar tilgátur. Dr. Helgi gerði þá kröfu til vísindamanna að þeir tækju

kenningar hans eða tilgátur alvarlega og prófuðu gildi þeirra, þótt hann skildi vel að nokkurrar tregðu kynni að gæta fyrst í stað:

„Vísindamönnum er ... illa við heilaspuna og hjátrú, og ef þeir heyra sumir nefndar æðri verur og ódauðleika, þá verða þeir undir eins hræddir um að þar sé einhver viðleitni til að halda aftur í miðalda áttina, til andlegs ófrelsis og þess hræðilega niðurdreps fyrir mannkynið, sem af því leiðir“ (...1914).

Hér verður ekki gerð tilraun til að flokka heimsfræði dr. H. P. eftir tilteknum heimspekistefnum enda mun Helga sjálfum hafa þótt meira skipta að koma boðskap sínum á framfæri en raða honum í snyrtilegar hillur kerfisfræðinnar. Í stað slíkrar flokkunar er betur við hæfi að vitna til hugmynda hans um tilgang lífsins:

„Tilgangur lífsins er einmitt sá, að ná fullkomnum tókum á öllum möguleikum efnis og efnisheims, hefja efnisheiminn til guðlegrar fullkomunar.“

Heimsmýndin

Heimsfræði dr. Helga Pjeturss felur í sér nýja og víðfeðma heimsmýnd þar sem lífi í alheimi er gefinn sameiginlegur tilgangur: að vaxa til æ fullkomnari tilvistar – og innbyrðis sambands, þar sem allur heimurinn verður að fullkominni lifandi veru. Eitt megininntakið í nýölsku heimsmýndinni er því, að hver lífvera hafi áhrif á allar aðrar og leitist við að framleiða sjálfar sig – eða ástand sitt – í öðrum lífverum.:

„Er það líklegast, að lífið sje komið upp fyrst og fremst fyrir lífgeislan (bioradiation); geislandi kraftur hefir fyrst snúið hinu líflausa efni til mjög ófullkominna lífmynda, sem þróuðust áfram og fóru að verða fyrir áhrifum frá líkum verum á öðrum hnöttum og vaxa áleiðis að því að verða hugsandi vera, sem meir og meir gæti fengi þátt í stjórn heimsins.“ (Nýall, bls. 58, útg. 1955).

Kveikjan að kenningum dr. Helga um samband lífs í alheimi var athuganir hans á eðli drauma. Helgi sannfærðist smám saman um að draumar ættu sér ekki rætur að rekja til vitundarlífs dreymandans, heldur væru þeir til komnir fyrir

samband dreymandans við aðra manneskju í vökuástandi (hugsamband; fjarhrif). Dr. Helgi komst að ýmsum merkilegum niðurstöðum við athuganir sínar á eðli drauma.

„Jeg hef nú ráðið gátuna, sem mjer þótti svo torsóttleg fyrir tuttugu árum. Eðli drauma er mjer nú kunnugt orðið. Mjer er það alveg ljóst, að jeg skifti um meðvitund, þegar jeg vakna. Í svefni fæ jeg þátt í lífi einhvers annars“ (Nýall, bls. 455, útg. 1955). „Að hugsa um hlut eða atburð í vöku er mjög frábrugðið því að sjá hlut eða upplifa atburð, en að dreyma hlut eða atburð er eins og að sjá eða upplifa ... Enda þótt skilningarvitin séu að heita má óvirk í svefni, þá er ástand svefnvitundarinnar slíkt, að líkast er því að skilningarvitin starfi eins og í vöku. ... Við getum lært að skynja innstreymi orkunnar þegar við erum að sofna og hvernig orkustraumurinn flytur með sér óljósar myndir byrjandi draums. Vökulíf draumgjafans verður draumur draumþegans, sem finnst hann vera raunverulegur þátttakandi í vökulífi draumgjafans. ... Athuganir á sanndraumum leiddu til þeirrar óhjákvæmilegu niðurstöðu að draumgjafinn hlyti að vera íbúi annarrar jarðstjörnu. Menn, dýr, jurtir, byggingar, landslag, stjörnumerki og önnur stjarnfræðileg atriði sem sáust skýrt í sanndraumunum voru frábrugðin því sem til er á þessari jarðstjörnu eða himni hennar. (Framnýall, bls. 279-281, útg. 1955. Úr ensku greininni: *The Nature of Sleep and Dreams*, þýðing Ó. H.).

Hér verður þess freistað að fjalla um meginþætti nýalskrar heimsmýndar sem dr. Helgi hóf að móta upp úr 1910 og setti fram í endanlegri mynd í Nýal, einkum fyrsta hlutanum, Hið mikla samband.

Upphaf heimsins

Náttúruleg málin eru fram komin fyrir tilstilli magnanar, einhvers konar hleðslu hins ófullkomna fyrir tilstilli alkraftar eða æðstu veru. Alkrafturinn magnaði fyrst hið líflausa efni með geislandi krafti. Jafnframt því sem efnið magnaðist fór það að taka breytingum; aðdráttaraflíð varð til, hiti og ljós, heimspokurnar og sólkerfin. Síðar myndast lífsform á kólnandi hnöttum fyrir tilstilli alkraftarins.

Upphaf og þróun jarðlífs

Lífið kom upphaflega til fyrir tilstilli lífgeislunar frá alkraftinum er sneri fyrst líflausu efni til frumstæðra lífsforma. Eftir því sem þessar frumstæðu lífverur þróuðust, fóru þær í vaxandi mæli að verða fyrir áhrifum frá líkum lifandi verum á öðrum hnöttum og þroska með sér vitsmuni. Það er því gert ráð fyrir að lífið hér á jörðu, sem og öðrum byggðum hnöttum, hafi orðið til vegna utanaðkomandi áhrifa. Að öðru leyti gerði dr. Helgi ráð fyrir að jarðlífið hefði þróast samkvæmt almennum þróunarlögmálum og að saga jarðlífs frá upphafi til okkar tíma sé óslitin:

„Hin afar fjölbreyttu dýr og jurtir eiga fyrir forfeður verur, sem aðeins voru ein ófullkomin fruma, og nefna mætti fyrstlinga (prótista). Fyrir það, að frumurnar héldu ekki áfram að einangrast, þegar þær skiftust, heldur gerðu með sér nokkurs konar félag eða samband, hefir hinn örsmái, berum augum ósýnilegi fyrstlingur átt fyrir niðja fjölfrumunga slíka sem skógartrén, hvali, fíla, menn o.s.frv. ...fjölfrumungarnir stefna aftur til enn merkilegra sambands en einfrumungarnir“.
(Nýall, bls. 61, útg. 1955).

Helgi taldi þó þunglega horfa, og stefna fremur í rangar átt í þróun jarðlífs; raunar var hann þeirrar skoðunar að hér ríkti helstefna fremur en lífstefna: „Lífið hér á jörðu er fyrirtæki sem ekki er farið að heppnast ennþá“. Til marks um þetta benti hann m.a. á að þjáningar hafi aukist mjög hér á jörðu eftir að maðurinn kom fram, t.d. fæði konur afkvæmi sín með meiri þjáningum en dæmi séu til annars staðar í dýraríkinu. Hið þjáningarfulla mannlíf á jörðu telur Helgi óhjákvæmilegt á meðan ekki sé stefnt í rétta átt, en ein af forsendum stefnubreytingar, þ.e. frá helstefnu til raunverulegrar lífstefnu, er að jarðarbúar átti sig á því að hið raunverulega takmark með tilveru þeirra jafnt og annarra lífvera sé myndun einnar lífheildar:

„Lífið er tilraun til að ráða við og samstillja krafta hinnar líflausu náttúru, og þegar sú tilraun hefur tekist til fulls, verður alheimurinn orðinn að guði, veru sem fram í óendanlega mörgum myndum og í hverri mynd óendanlega fullkominn.

Tilgangurinn með heimssmíðinni er, að fram geti komið guð, sem er óendanlega margur og þó ein heild.“

Samband lífs í alheimi

Víðtækt lífsamband og samstilling á sér stað á milli lífvera hvarvetna í alheimi. Þetta samband, sem hvorki er talið háð tíma né rúmi, lýsir sér m.a. í ýmis konar áhrifum sem lífverur verða fyrir hver frá annarri. Sem dæmi um það má nefna hugsamband, sem felst í því að hugsun eða tilfinning eins einstaklings framkallast í öðrum.

Helgi áleit að lífsbandið í alheimi opinberaðist mönnum í draumum. Hann var sannfærður um að draumur eins væri hugsamband við annan, sem í fæstum tilvikum væri íbúi sama hnattar og dreymandinn, og að þannig framkölluðust hugsanir og skynjanir (vökuvitund) draumgjafans í vitund þess sem dreymir. Þessi kenning á eðli drauma er veigamikill þáttur í kenningum dr. Helga Pjeturss og hefur raunar þann kost að hægt er að prófa hana frá ýmsum hliðum með beinum athugunum og rannsóknum. Slíkar rannsóknir hafa verið framkvæmdar, raunar af vísindamönnum sem ekki höfðu hugmynd um kenningar Helga:

„Í Maimonides-draumrannsóknarstofunni í Brooklyn voru sjálfbóðaliðar settir í einangrunarherbergi og látnir falla þar í svefn. Rafskaut heilalínurita voru fest við höfuð þeirra og skynjarar við hornhimnur augna. Í öðru herbergi einbeitti „hugsendari“ sér að einhverju viðfangsefni (venjulega málverki), sem rannsóknamennirnir Stanley Krippner og Montague Ullman nefna markhlut, og reyndi að koma sérstökum áhrifum til hinna sofandi. Þegar augu sjálfbóðaliðanna tóku að hreyfast í svefninum, en það er ástand sem er sett í sambandi við drauma og á sér stað jafnhliða þeim, voru sjálfbóðaliðarnir vaktir og inntir eftir því hvað þá hefði dreymt. Eftir að hafa framkvæmt fjölda vel skipulagðra tilrauna skýrðu Krippner og Ullman svo frá, að marktæk fylgni hefði verið á milli „myndsendinga“ hugsendarans og þess sem sjálfbóðaliðana dreymdi. (Regush: Exploring the Human Aura, 1975).

Helgi taldi að á miðilsfundum væri oftast um að ræða

samband við framliðna jarðarbúa er byggju á öðrum hnöttum. Sú kenning Helga að jarðarbúar flytjist til annarra hnatta eftir dauðann og öðlist þar nýjan líkama er mikilvægur, en umdeildur þáttur í hinni nýölsku heimsfræði. Kenningu þessa mætti orða þannig í stuttu máli: Við dauða manna streymir frá þeim orkumynstur (lífgeislun) sem hefur að geyma upplýsingar um alla byggingu þeirra og eiginleika. Orkumynstur þetta berst til annars hnattar, þar sem líf er fyrir og samsvarar sem best orkumynstri hins látna. Þar myndast nýr líkami, byggður á upplýsingum orkumynstursins. Samkvæmt þessu flytjast menn eftir dauðann til staðar, þar sem fyrir eru mannverur sem líkastar þeim framliðna m.a. í hugsun, þ.e. samstilling lífsins á þeim stað „höfðar mest til“ eða dregur best til sín orkumynstur hins framliðna (samanber stillilögmálið og lögmálið um víxlmagnan hér að aftan).

Samkvæmt þessari kenningu Helga myndast því nýr líkami samkvæmt upplýsingum um hinn upphaflega og lífvana jarðarlíkama. Gæta verður þess að rugla þessari hugmynd ekki saman við svonefndar hamfarir sem taldar eru felast í því að líkami (eða annar hlutur) hverfi á einum stað og myndist á öðrum, en Helgi telur slíkan ferðamáta algengan á framlífs-hnöttum (en svo nefndi hann hnetti sem menn flytjast til eftir dauða sinn á frumlífshnöttum, þar sem menn verða fyrst til). Helgi taldi hamfarir skýringuna á því þegar t.d. líkamningar birtast á miðilsfundum.

Helgi taldi lífsambandið birtast í ýmsum myndum og ekki alltaf æskilegum. Til að mynda var hann þeirra skoðunar að vissar tegundir geðveilu, svo sem ofsóknaræði, móðursýki og geðklofi, væru sambandssjúkdómar, þ.e. ættu rætur að rekja til fjarsambands við annað fólk sem verði það náíð að hinn sjúki rugli eigin vitund saman við vitund þess sem hann er í sambandi við – verði sammála honum.

Helgi telur einnig að guðshugmyndir manna tengist sambandi við verur á öðrum hnöttum. Slíkt vitsamband, einkum einstakra sambandsnæmra manna, er kveikjan að hugmyndum manna um guði þótt þær hafi ævinlega verið meira og minna misskildar. Verur þær sem köllum guði taldi

Helgi vera íbúa annarra hnatta sem komnir væru lengra hvað varðar vit og allan þroska en jarðarbúar. Segja má að guðirnir séu fyrirmyndir manna; misjafnt er hversu öflugt sambandið er við fyrirmyndir þessar en mestu skiptir að samband komist á við góðar háþroskaverur, en ekki slæmar. Raunar eru guðirnir, þ.e. lengra komnar verur á öðrum hnöttum, fyrirmyndir manna í bókstaflegri merkingu: hinn geislandi kraftur guðanna leitast við að skapa sér eigin eftirmynd í mönnunum.

Tilgangur heimsins

Lífið leitast stöðugt við að lífga við hið líflausa efni og ná því undir eigin lögmál. Tilgangurinn er sá að vaxa til æ fullkomnara sambands þar til heimurinn er orðinn að fullkominni veru, sem verður miklu merkilegri en eðli einstaklinganna gefur nú ástæðu til að ætla. Stefnit er að öflugu sambandi hins mikla aragrúa lifandi vera í alheimi: „Og einstaklingseðlið mun ekki hverfa, heldur fullkomnast fyrir sambandið“ (Nýall...).

Lögmál nýalskrar heimsfræði

Hér mun þess freistast að setja fram stutt yfirlit yfir helstu lögmál eða kennisetningar sem Helgi setti fram í ritum sínum. Yfirlit af þessu tagi getur veitt skjótfengna yfirsýn en takmarkaða, og rétt er að hafa í huga að þau hafa iðulega þann ókost að slíta hlutina að einhverju leyti úr sambengi.

Segja má að meginkennisetning eða almennt lögmál nýalskrar heimspeki sé á þá leið að allir efnishlutir á alheimi okkar hafi áhrif hver á annan í víðasta skilningi:

„Hver minnsta hræring, sem verður í heiminum, hver minnsta efniseind, leitast við að framleiða sjálfa sig um allan heim, breyta öllum heiminum í sig. Frá hverri veru, hinni stærstu og margbrotnustu til hinnar smæstu og einföldustu, stafa geislar, sem miða að því að framleiða sjálfa þessa veru.“ (Nýall, útg. 1955, bls. 43).

Slík áhrif – eða samband – getur verið á ýmsu stigi og er samband á milli lífvera (lífsamband) fullkomnasta mynd slíkra áhrifa. Því fullkomnara sem slíkt samband er, og þar með

samstilling, því meiri verður þáttur heildarinnar í hverri einingu eða einstaklingi.

Auk þessarar meginkenntisættningar setti Helgi fram ýmis afmarkaðri lögmál sem segja má að séu nánari útlístun hennar. Skal hér stuttlega getið hinna helstu.

Lögmálið um lífgeislan (bioradiation) segir að sérhver lífvera geisli frá sér krafti sem berist til annarra lífvera. Með þessum hætti hafa allar lífverur áhrif hver á aðra. Ekki er vitað hvernig þessi kraftur eða lífgeislan berst, en hann kemur fram í ýmsum myndum (sbr. til dæmis draumum).

Lögmálið um víxlmagnan (bioinduction). Þetta lögmál er í beinu framhaldi af lögmálinu um lífgeislan. Samkvæmt því leitast allar lífverur við að framkalla eigið ástand (eiginleika framkalla sjálfar sig) í öðrum lífverum. Þannig getur til dæmis hugur eins manns framkallast í öðrum. Það sem hér liggur að baki er eins konar samstilling lífveranna eða lífsstarfa þeirra, sem á sér stað fyrir tilstilli lífgeislunar. Víxlmagnan, sem getur raunar takmarkast af vissum þáttum (sbr. Nevislögmálið hér að aftan), kemur m.a. fram sem sýnir og hugskeyti.


Nevislögmálið. Samkvæmt þessu lögmáli geta ófullkomnar lífmyndir ekki nálgast hinar fullkomnari, eða að minnsta kosti ekki haft frumkvæði um lífssamband við þær, heldur verða hinar fullkomnari að nálgast þær ófullkomnari. Reyndar leitast geislunin frá háþroskaverum við að framleiða þær sjálfar eða eigið ástand í ófullkomnari myndum efnisins og móta það þannig eftir sér. Þannig tekst hinum fullkomnari lífmyndum að þoka hinum ófullkomnari eftir braut framþróunar; þær fara þá að taka breytingum og magnast með sífellt meiri „hraða“ (sbr. Anadromelögmálið).

Anadromelögmálið. Þegar ófullkomnari myndir efnisins verða fyrir geislandi krafti frá fullkomnari myndum þess, magnast þær með tímanum sífellt „hraðar“. Jafnframt þessu verður skipulag efnisins sífellt margbreytilegra og þróaðra og getur þar með tekið við og geislað frá sér fullkomnari afltegunum en áður (t.d. geta bæði ólífrænir hlutir og lífandi efni gefið frá sér rafmagnsstraum, en aðeins lífandi efni getur skynjað eða gefið frá sér lífgeislun).

Framhald á bls. 200.


LÍFHEIMAR DRAUMANNA

Draumar og skýringar á eðli þeirra ásamt myndum og teikningum



FURÐUHEIÐ DRAUMANNA

Draumar og skýringar á eðli þeirra ásamt myndum og teikningum



Svefn er lífsband. Draumur er líf- og vitsband. Í draumi er einna líkast því að við förum um víðáttur geimsins og kynnumst íbúum annarra stjarna, lífi þeirra og lífsháttum, óskum þeirra og þrám.

Við kynnumst okkur ókunnu landslagi, jarðmyndunum og veðurfari. Við sjáum ókunna sól og stjörnuhiminn.

Í draumi sjáum við með augum annarra. Það sem þeir sjá, skynja og hugsa, verður okkur sem eigin reynsla vegna sambands okkar við þá.

Allt þetta og ótalmargt fleira gefst okkur kostur á að kanna og rannsaka að nokkru, vegna sambandseðlis draumanna. Fjarlægðir eru sambandi lífendanna engin hindrun.

Að skilja sambandseðli draumanna er hinn mesti ávinningur.

Ingvar Agnarsson er virk höfuðborgarsvæðinu, sem hefur mikinn áhuga á kenningum drauma. Hann hefur skráð undireins og hann vaknaði, miklu safni. Vinnubrögð hans hans skýrt og efnið fjölbreytt.


Þegar draumur hefur ver spurningin um gildi hans og hv greina. Við hvern draum hefur sínar, og byggir hann þæ fjarhrifaeðli drauma. Einnig dæmi um draumsýnir, sem sva hnöttum himingeimsins.

Vissulega getur hver lesandi sem hann telur skynsamlegast Ingvars hinar réttu, verða dra fróðlegri og áhugaverðari en el

**Verð í bókaverslunum kr. 2.900,- + virðisaukaskattur. Sérstakt staðgreiðing
Útgefandi Skákprent • Dugguvogi 23 • Pósthólf 1179 • Reykjavík**


UÐHEIMAR
MANNNA

Þeirra samt myndum og teikningum



VÍÐHEIMAR
DRAUMANNA

Draumar og skýringar á eðli þeirra ásamt myndum og teikningum



virkur athafnamaður á hefur um langt skeið haft agnum um eðli og einkenni skráð drauma sína, oftast naði, og er þetta orðið að þ hans eru vönduð, málfæri reytt.

er verið skráður, vaknar og hvaða skýringar komi til hefur Ingvar ritað skýringar n þær á kenningum um nng eru í safninu allmörg m svara til útsýnis frá öðrum

sandi beitt þeim skýringum, mlegastar. En séu skýringar þa draumarnir þá ekki ólíkt i en ella mundi?

Draumabækur Ingvars Agnarssonar bera það með sér, að þar er verið að segja af sönnum og raunverulegum draumum, nákvæmt skráðum.

Sumir draumar hans mynda langar og samfelldar sögur með miklu innra samræmi, aðrir eru einfaldar skyndisýnir, enn aðrir eru nákvæm athugun á sérstökum aðstæðum, náttúrufræðilegum, mannlegum eða tæknilegum.

Svifdraumar og aðrir benda til tengsla við fullkomna og göfuga staði, en fáeinir birta ógnir og skelfingar, sem miklu meir reyna á manninn en kvikmynd eða sjónvarp, vegna þess nána sambands sem er milli draumgjafa og dreymanda.

Frásagnir Ingvars eru auðlesnar og léttar í framsetningu, og margir hafa lesið þær sér til mikillar ánægju.

Þú greiðsluverð frá útgefanda kr. 1980,- en allar þrjár saman kr. 4.940,-
• Reykjavík • Símar 31975, 31335 og 31391 • Fax 31399

Draumar eru sambandsástand. Þessi kennisetning, sem áður hefur verið fjallað um í þessu yfirliti, er í raun eitt af grundvallaratriðum nýalskrar heimsfræði. Helgi taldi að draumar væru þannig til komnir að sofandi maður kæmist í hugsamband við vakandi mann (það sem fyrir ber í draumum er þess eðlis, að álykta má að draumgjafinn sé í flestum tilvikum íbúi annarar plánetu). Skynjanir og hugsanir draumgjafans framkallast þá í heila hins sofandi. Yfirleitt finnst fólki þó persónur og umhverfi sem það skynjar í draumi kunnuglegt en á því er eðlileg skýring að mati Helga: Ef draumlíf mitt er vökulíf annars manns, þá á það sem mér þykir í draumi mitt útlit að vera frábrugðið því sem er í raun og veru, því það sem mér þykir í draumi mitt útlit er í raun hugmynd annars manns um sitt útlit.

Stíllilögmálið (law of determinants). Samkvæmt þessu lögmáli mynda afmarkaðir hópar lífvera ákveðið aflsvæði eða heildarsamstillingu hópsins alls. Lífsamband hvers og eins innan hópsins ákvarðast samkvæmt þessu að verulegu leyti af aflsvæði hópsins. Þannig stillast t.d. menn til sambands við ákveðna staði og einstaklinga í draumum sínum fyrir áhrif frá umhverfi sínu og fólki sem þeir umgangast.

Þróunarlögmál lífsins. Í heild er um að ræða þróun til sífellt fullkomnari samstillingar lifandi efnis. Í fyrstu var aðeins um að ræða samstillingu einstakra frumna, þá fjölfrumunga og að lokum fjölfrumueinstaklinga í einni lífheild þar sem einstaklingar mynda nánast eina heildarlífveru (hyperzoon). Einstaklingarnir sem mynda slíka heildar- eða yfirlífveru halda þó eigin sérkennum og sjálfsvitund. Það er í raun samstilling lífsins sem á hverjum stað um sig ákvarðar hvaða stefnu þróun þess tekur. Þar sem samstilling fer vaxandi og stefnir í rétta átt er um að ræða framþróun, lífstefnu, en þar sem samstillingin mistekst er helstefna ríkjandi. Á slíkum stöðum hverfur smám saman hinn magnandi kraftur, bæði frá lifandi verum og líflausri náttúru.

Sögulegar rætur nýalskrar heimsmyndar

Sögulega séð eiga kenningar dr. Helga Pjeturss tvær megin-upsprettur: heimspeki (forn-gríska og heimspeki nýaldar), og náttúruvísindi. Einnig mætti nefna spíritisma og dulfræði sem mikilvægan hluta af rannsóknarvettvangi nýalsstefnunnar.

Nýölsk heimspeki mótaðist á miklum umbyltingartímum, bæði þjóðfélagslega og í náttúruvísindum. Hún kom fram á tímum nýrra hugmynda þegar eldri gildi og reynsla voru hvað ákafast endurmetin í ljósi nýrra uppgötvana. Helgi hafði gott veganesti sem höfundur nýrrar hugsunar á grundvelli eldri þekkingar. Hann hafði yfirgripsmikla þekkingu á sögu heimspeki og náttúruvísinda, og var sjálfur merkur vísindamaður. Hann hafði þannig flesta þræði eldri þekkingar í hendi sér jafnframt því sem hann stóð föstum fótum í samtíma sínum.

Nýalska heimsfræðin, eins og hún er sett fram í ritum Helga, er að sjálfsögðu engin lokasmíð (að hans eigin sögn uppkast að tuttugu vetra náttúrufræði!). Ýmislegt hefur raunar orðið til að styrkja kenningar Helga síðan Nýall var skrifaður og er nokkur dæmi þess að finna í síðari hluta þessarar bókar.

Útdráttur

Samkvæmt nýalskri heimsfræði er *lífgeislan* orkumiðlari og sambandsgjafi á milli lífvera í öllum alheimi. Lífgeislan birtist í ýmsum myndum. Hún kemur til leiðar *víxlmögnun* og *fjarhrifum*, sem meðal annars orsaka drauma. Allar lífverur í alheimi hafa með sérstökum hætti áhrif hver á aðra ekki síður en aðrar eindir efnisheimsins.

Byggðir hnettir í alheimi skiptast í *frumlífshnetti* þar sem menn verða fyrst til og *framlífshnetti*, en þangað flytja menn eftir dauða sinn á frumlífshnöttunum fyrir tilverknað lífgeislanar.

Nýölsk heimspeki gengur út frá raunveruleika efnisheimsins og aðferðafræði vísinda í rannsóknum.

Þá vaknar sú spurning hvort minning mannsins sé ekki eins til komin og þau fyrirbæri sem er lýst hér að framan. Það er eðlilegt að maðurinn sé í sterkari fasaflethu við sín eigin orkumunstur heldur en miðlar eða spákerlingar og ætti því að hafa

margfalt betri aðstöðu til að rekja minningar á þann hátt. Það væri óskiljanlegt fyrirbæri ef stórsameindir mannsins geymdu minningarnar, þessar lifandi myndir og orð sem koma samstundis og til þeirra er leitað. Virðist ekki vera lengri tími sem þarf til að rifja upp en tekur taugaboðin að berast. Allt líf byggist á efnahvörfum og efnahvörf taka tíma. Ef efnahvarf ætti að fara á undan taugaboði við upprifjun minninga færi í það meiri tími en upprifjun minningar virðist gera. Ef endurminningar byggðust á efnahvörfum hlyti upprifjun að taka lengri tíma en hún gerir. Það er enda mjög torvelt að ímynda sér hvernig sameindamynstur sem eyðist ekki að eilífu og er í fasafléttu við það sem skóp það í upphafi.

Fullorðinn maður er búinn að skipta um helminginn af sameindum sínum á þremur mánuðum og þessum stöðugu efnahvörfum fylgir breyting. Það þarf varla að minna á hve mikið maðurinn breytist frá því að hann er barn þangað til hann er orðinn að öldung. Endurminningar dofna en það er vegna þess að allt breytist og fasafléttan við gömul orkumynstur dofna. Börnin vaxa ört og breytast mikið á skömmum tíma. Þau missa endurminningarnar frá þeim tíma sem breyting er örust, en ekki vegna þess að endurminningin sé ekki til heldur vegna þess að fasafléttan hefur dofnað.

Tölva himingeimsins

Nútíminn er öld tölvunnar. Tölvur eru á skrifstofum, tölvur eru á einkaheimilum. Rithöfundarnir láta taka myndir af sér við tölvunnar, vinnukonurnar á stofnunum eiga tölvu heima hjá sér og vinna þar að ættfræði í tómstundum. Og svo er prentað út úr tölvunum og pappírinn hrúgast upp og er orðinn til vandræða á hverju heimili, hverri stofnun og jafnvel skjalasöfnin eru í vandræðum útaf sívaxandi pappírsgögnum. Þrátt fyrir allt þorir enginn að treysta því að tölvudiskarnir og segulböndin verði varanleg. Til þessa hefur það ekki tekið nema fá ár að tölvugögn eru orðin ónýt af þeim ástæðum einum að þau eru gerð á úreltar tölvur og verða ekki framar lesin nema með fyrirhöfn.

En þegar að er gáð er heimsins stærsti tölvudiskur veraldarrúmið sjálft. Það varðveitir orkumynstur fyrir hvern einasta atburð, orkumynstur sem hægt er að kalla fram rétt eins og gert er í tölvunum. Að vísu eru ekki enn til rafeindatæki til þess og ekki séð hvort eða hvenær þau verða gerð. En ef þau yrðu gerð verður óþarfi að skrifa neitt hjá sér fram. Allt verður kallað út úr geimtölvunni á svipstundu, þar máist ekkert út. En böggull fylgir skammrifi. Þá er engu hægt að leyna fram, allt kemst upp jafnótt og það er gert. Sennilega er mannkynið ekki orðið nógu þroskað fyrir slíkt apparat. Glæpamenn og óbermi mundu notfæra sér slíkt sjálfum sér í hag og öðrum til bölvunar, einkamál yrðu ekki lengur til.

Ef til vill verður aldrei hægt að smíða þetta tæki úr þeim einingum sem rafeindabúnaður er gerður úr. Það gæti verið að aðeins mannsheilinn geti komist í þessi orkumynstur geimsins og hann kemst að öllum jafnaði ekki í samband við önnur mynstur en sín eigin. Maðurinn er eitt gangandi forrit sem aðeins getur unnið úr sínum eigin mynstrum. Komið hefur fram óljós skilingur á þessu í goðafræðinni. Óðinn settist í Hliðskjálf og sá um heima alla. Við einhverjar aðstæður gat Óðinn séð út fyrir sínar eigin endurminningar. Miðlar og spámenn geta þetta líka að því er virðist.

Einar Benediktsson orti um minninguna einhvern tíma snemma á 20. öldinni, um sama leyti og orkudeilakenningin er að verða til og áratugum áður en þeir Einstein og Bohr deildu um hvort heimurinn væri samfella eða ekki. Þessar þrjár vísur eru úr kvæðinu „Kvöld í Róm“ og birtist í ljóðabókinni Hafblik. Vísurnar eru svona:

Caesars borg! Skal stríð þitt, dáð og draumur
drukkna í geimsins sjó sem hljóðlaus straumur?
Skulu verk þín afgrunns unnum vafin,
ævispor þín heims af brautum skafin?
Eða er líking þín til hæða hafin,
hærri steinsins rún og köldu myndum,
grafir þínar taldar lífs hjá lindum,
ljós þíns anda í himins spegla grafín?

Hugann grunar, hjartað finnur lögin.
Heilinn greinir skemmra en nemur taugin.
Heimsins vél er knúð af einu afli,
einum segulvilja, er kerfin bindur.
Sama vald, sem veldur sólna tafli,
veitir sér í gegnum mannsins æðar.
Milli lögsta djúps og hæstu hæðar
heimssál ein af þáttum strengi vindur.

Eins og mannleg ást tvo svipi jafnar,
öllu í samheild guðdómshjartað safnar.
Eins og tindrar auga af manndóms vilja,
alheimsviljinn skín í geislans líki.
Eins og heili manns má skynja og skilja,
skrá og geyma í minning jarðarheimsins,
man um eilífð heili hnattageimsins
hljóm hvers sálarstrengs í lífsins ríki.

Heimildir:

1. Capra, Fritjof: The Tao of Physics. Flamingo, Tenth impression 1985.



Til þess að athuga vel í draumi verður að vaka vel og taka vel eftir um daga. *Helgi Pjeturss.* (A. bls. 360).

Jóhann Örn Jónsson:

Sólskin

I.

Huldar litli' á Hólavöllum
hljóp út fyrir garð
og á holu þar í þúfu
þá mjög starsýnt varð.

Huldar, sem var hjartagóður,
hélt að lítil mús
– ef til vildi ungamóðir –
ætti þarna hús.

Hann með gleði heim réð stökkva,
hermdi þannig frá:
Mamma, ég fann músarholu
mjóa út' í snjá.

Góða mamma, gaman væri,
að gleðja litla mús,
er á sér hérna okkur nærri
ósköp lítið hús.

Blessuð jólin koma' í kveld
og kátur verð ég þá,
en ef til vill ei aumingjarnir
úti' á fold á snjá.

Hulda kysti kæran son,
og kvað með þýðum róm:
Ógn er gott að eiga svona
indælt sonar-blóm.

Hér er brauð og fleiri fæða,
– færðu mýslu það.

Huldar feginn hratt með þetta
hleypur nú af stað.

II.

Úti' er kyrt og ekran vafin
öll í mjallar-tjöld.
Niðr' á foldu stjörnur stara
stilt um jólakvöld.

Finna skal í frerapúfu
fáskreytt moldarhús;

þarna á með ungum skýli
ofurlítil mús.

Lítil gleði er þar inni,
eins og stundum fyr.
Svangir þar í sorta veina
sáran ungarnir.

Mamma reynir mjög að hugga
mýslingana smá:
réttir að þeim rótar-örður –
renna tárin þá.

Allur forði er nú þrotinn,
– útsýnin er dimm –
Hætta nær í hverju spori,
– hjörtun svona grimmm.

Út í myrkrið músin starir
mæðuleg og – blind.
Núna er hún naumast orðin
nema beinagrind. – – –

Matarþefur, matarþefur!
– mun það geta skeð?
Út úr bænum örglast músin,
örðugleikum með.

En það, sem hún óðar hitti
út' í köldum snjó,
virtist svipað sæludraumi,
en sannreind var það þó.

Veslings mýslu vetrarforða
vantaði nú sízt.
En Huldars litla hjartagleði
hreint ég fæ ei lýst.

Hefðuð þið séð Huldar þetta
helga jólakvöld! –
Sólskinið í sjónum hans
æ síðan hefur völd.

Burknar, ljóð, 1922.

Draumur Gennadiusar

Þetta er frásögn af full-ljósum draumi, sem Ágústínus kirkjufaðir tekur upp eftir öðrum árið 415. Ágústínus hugleiðir möguleika þess að verða fyrir eiginlegri reynslu eftir dauðann – þegar hin líkamlegu skilnignarvit eru ekki lengur virk, eins og hann segir – og tekur í því sambandi upp draum læknisins Gennadiusar, sem búsettur var í Karþagó. Hvenær draumarnir voru dreymdir kemur ekki fram, en ætla má að það hafi verið nokkru fyrir 415. Flokkunin í ljósa drauma og dimma, skýra og ruglingslega, ásamt öðrum einkennum sömu flokka, er eitt af því, sem nú vekur mesta athygli í nýrri draumafraeði, og sver þessi draumur sig í ætt við fyrri flokkinn. En þannig er hin 1600 ára gamla frásögn:

„Gennadius, sem efaði mjög að líf væri eftir dauðann, dreymdi að ungur maður með gjörvilegu yfirbragði og blíðu, bjóðandi sjálfsöryggi, kæmi til hans og segði: „Komdu með mér!“ Gennadius hlýddi hinum engilfagra unglungi og komu þeir til borgar, þar sem hann heyrði söng svo sætlega sunginn, að hann hafði aldrei fyrr heyrt slíkan. Þegar hann spurði hvað þetta væri, var honum sagt að þetta væri „ymni hinna blessuðu og hinna heilögu“. Gennadius vaknaði, hugsaði um þessa reynslu sína og taldi að þetta hefði verið „aðeins draumur“.

Næstu nótt birtist honum unglungurinn að nýju í draumi. Í þetta sinn vildi hann láta Gennadius segja sér, hvort hann þekkti sig. „Vissulega“, svaraði Gennadius og spurði unglungurinn þá hvar þeir hefðu kynnst. Gennadius hafði ekki gleymt neinu og svaraði hinu sanna til. Hann endursagði atburði liðinnar nætur. Síðan spurði unglungurinn hvort allt þetta hefði gerst í svefni eða vöku. „Í svefni“, svaraði Gennadius. Þá kom unglungurinn með fyrirspurn í anda Sókratesar og hélt svo áfram: „Minnið bregst þér ekki, þú hefur allt þetta í svefni séð. En ég vildi að þú vissir, að einnig nú sérð þú í svefni“.

Og Gennadiusi varð ljóst, að hann var í svefni og dreymdi. Og draumurinn, sem nú var orðinn bjartur, hélt áfram: „Hvar er líkami þinn nú?“ spurði unglingurinn. Þegar Gennadius svaraði réttilega: „Í rúminu mínu“, hélt draumspyrjandinn áfram: „Veist þú að augun í þessum líkama þínum eru nú óvirk og lokuð og að þú sérð ekki með þeim?“ „Ég veit það,“ svaraði Gennadius. Nú kom draumfræðarinn með niðurstöðu spurninga sinna: „Með hvaða augum sérð þú mig?“ Þessa ráðgátu gat Gennadius ekki leyst, og útskýrði nú draumkennarinn, hvað hann vildi honum með þessum spurningum, og sagði hátt og snjatt: „Meðan þú liggur sofandi í rúmi þínu, eru augu þess líkama ónotuð og virka ekki, og þó hefur þú augu til að sjá mig, og til þess að geta glaðst við þá sjón. Og þannig mun verða eftir dauða þinn, þegar líkamsaugu þín sjá ekki frammar, þá verður líf í þér, sem þú munt lifa við framvegis, og skynhæfileiki, sem gerir þér kleift að skynja. Efaðu því aldrei, að líf mannsins heldur áfram eftir dauðann.““

Hvað er rétt og hvað er rangt í þessari 1600 ára gömlu frásögn? Fyrir Gennadius var það afar áhrifamikið að verða fyrir slíkri ítrekaðri draumreynslu. Fyrir utan það er frásögnin í sjálfri sér mjög athyglisverð, og að því er mér virðist, tvímælalaust sönn. Enginn Ágústínus, enginn Gennadius – enginn maður fyrir 1914 hafði minnstu möguleika til að búa til þessa sögu, sem kemur nákvæmlega heim við kenningu doktors Helga Pjeturss (1872-1949) um eðli svefns og drauma. Sagan er sönn frá fyrstu byrjun, þó að menn vissu ekki þá, hvernig slíkt mátti verða.

Það er aðeins eitt sem er skakkt í sögunni (eins og hún liggur fyrir). Unglingurinn spyr Gennadius í draumnum: „Með hvaða augum sérð þú mig?“ Gennadius, sem er einn til frásagnar, segir að sér hafi orðið svarafátt. En svarið er einfalt. Gennadius var ekki hann sjálfur í draumnum, enda var unglingurinn, íbúi framlífshnattar, að reyna að sýna G. fram á, að hann hefði annan mann fyrir sýngjafa. Augun, sem sáu, en „vantaði í söguna“, voru augu draumgjafa Gennadiusar. Og trúi nú hver eftir því, sem honum er gefinn skilningur til.

P. G. Þýddi og skýrði. Birt í Tímanum 30. sept. 1993.

Ingvar Agnarsson:

„Ljúflingur, ljúflingur“

Einkennileg skynjun

I. „Ljúflingur“ heimsækir stjörnusambandsstöð á öðrum hnetti.

Það sem ég nú vil segja frá gerðist þriðjudaginn 13. október 1981. Við Heiða, konan mín sátum inni í litla herberginu. Hún var að leika kvöldljóð á orgelið. Ég hlustaði. Klukkan var næstum 12 á miðnætti. Þetta var e.k. helgistund.

Þá var sem kæmist ég í samband við aðra vitund, en mín eigin vék að nokkru um stund. Mér fannst sem væri ég staddur í stórum hvolflaga sal, sem fullur væri af fólki. Og mér þótti von vera á miklum ágætagesti úr fjarlægum stað, og allir biðu hans með mikilli eftirvæntingu og ekki síst ég, því mér fannst ég hafa verið valinn til þess að ávarpa þennan væntanlega gest. Það var eins og einhver ólýsanleg spenna lægi í loftinu, sem fyllti alla samkomugesti fögnuði og eftirvæntingu.

Og nú þótti mér gesturinn vera kominn í salinn framundan mér, allt í einu og sem óvænt, og að hann væri öllu æðri, fegurri og máttugri og bjartur sem sól.

Ég fylltist einhverskonar ólýsanlegri tilfinningu, og ég eins og fann að nú beindust augu allra að honum.

Ég fann að nú var komið að mér, að flytja gestinum dýrðlega, ávarpið, eins og mér hafði verið ætlað. Og fyrstu ávarpsorðin voru þessi:

„Ljúflingur, ljúflingur“

og næstum í beinu framhaldi af þessu flutti ég eftirfarandi ljóðlínur:

„Heill þér, hilmir stjarna,
heillar vetrarbrautar.“

Þetta var upphaf kvæðis og hljómaði svo sem hér skyldi verða framhald á, sem og varð. Ég hélt áfram að flytja kvæðið. Það mun hafa verið nokkur erindi. (En það sem tilgreint er hér að ofan er það eina sem ég man orðrétt). Mér fannst ég flytja þetta ljóð með miklum myndugleika og þó með innileika og ástúð til þess, sem ávarpinu skyldi hlýða. Orðin sem ég man, voru eins og upphaf alheimskvæðis, ætlað ljúflingi eða yfirhöfðingja heillar vetrarbrautar, sem hér væri nú í skyndiheimsókn.

(Leiðsluskynjun 13. okt. 1981).

II.

Því miður barst eigin vitund minni ekki neinn frekari skilningur eða vitneskja um efni kvæðisins.

Og annað er athyglisvert í þessu sambandi. Þessari sambandsreynslu minni fylgdi engin sjónskynjun. Það sem borið hefur fyrir augu sambandsvinar míns náði ekki að berast heila mínum sem sýn. – Aðeins sú hugsun hans og tilfinning, sem hann hafði fyrir umhverfi sínu og aðstæðum öllum náði að brjóta sér leið inn í vakandi (og þó vafalaust hálfleiðslubundna) vitund mína.

En ávarpsorðin og upphaf ljóðsins náðu vitund minni skýrt, að ég tel.

Viss þykist ég um það, að einmitt á þessari stundu, hefur mikill gleðiviðburður verið að gerast á öðrum hnetti, þar sem „ljúflingur“ eða yfirhöfðingi vetrarbrautar hefur komið í heimsókn til mannkyns sem vissulega er þá á öruggri framfaraleið.

Ég vaknaði upp úr þessari sambandsreynslu minni, og leið einkennilega vel, rétt eins og ég hefði komist í nána snertingu við þann guðdóm, sem við sjaldan eigum kost á að skynja af eigin reynd.

III.

En sagan af þessu sambandi mínu er enn ekki að fullu sögð.

Þessa sömu nótt glaðvakna ég kl. 4. Það er líkast því sem ég sé vakinn. Mér finnst eins og önnur vitund verki á huga minn. Ég greini, heldur óskýrt þó, að hún talar til mín á þessa leið: „Nú skalt þú hald áfram kvæðinu og ég mun reyna að styðja þig.“

Mér fannst helst sem þessi vera, væri maður sá í skynjun minni kvöldið áður, sem flutti „ljúflingi“ ávarp sitt.

Ég náði mér í blað og penna og beið þess sem koma mundi í huga minn. Og ljóð tók að myndast. Fyrstu tvær ljóðlínurnar urðu þær sömu og um kvöldið. Ég fann greinilega að ég var undir áhrifum frá verunni og hún reyndi að koma hugsun sinni fram. Ekki kom sú hugsun fram í orðum, heldur sem efni og hugblær þess, sem ritast skyldi. Fyrstu setningarnar tvær sögðu í raun til um það, hver bragarhátturinn skyldi verða. Kvæðið smámjakaðist áfram með meiri eða minni hléum á milli. Ég fann, að veran fjarstadda reyndi að koma hugsun sinni fram og lagði mér til magnan til þess að koma þeim í sem bestan búning. Og ég lagði mig fram eftir mætti, reyndi að koma til móts við hana.

Erindin urðu þrjú og að þeim loknum fann ég greinilega að hinn aðsendi kraftur hvarf mér skyndilega.

Auðvitað var þetta samband við hina fjarlægðu vitsmunaveru, langt frá því að vera fullkomið og því er árangurinn ekki betri en kvæðið ber með sér, – enda hæfileikar mínir á þessu sviði ekki miklir – en án hins aðsenda stuðnings hefði þetta kvæði heldur ekki getað orðið til.


Eftirfarandi erindi eru árangur þessa fjarsambands:

Heill þér, hilmir stjarna,
heillar vetrarbrautar.
Allir þínum orðum
ávalt fúsir hlýða.
Æðri lífsins orka
um þig gjörvöll streymir.
Í þér mætist einum
allra reginkraftur.

Magnaður af mætti
meginsterkrar heildar
stjórnar þú með stilli
straumum alheimshvela.
Allra að þú nýtur,
allir svo þín njóta.
Ótal máttug mannkyn
magnan frá þér hljóta.

Ó, þú mikli máttur,
megin-sterka vera:
Bein þú æðri orku
efst frá hvelum stjarna
gegnum auðnir geimsins
gegnum heljar slóðir,
látu geisla lífsins
leysa mannkyns fjötra.

*14. október 1981
(kl. 4 um nótt).*



**Eitt af hinum sérkennilegu sólgosum sem tekist hefur að ljósmynda.
Myndin er tekin 9. júlí 1966.**

Fyrir miðilsmunn 20. 9. 1993.

Miðill: Sveinn Haraldsson.

Fram kom: Þorsteinn Jónsson (á Úlfsstöðum).

Þorsteinn Jónsson.

Segi ekki ósatt, að mér þykir vænt um að mega mæla hér fáein orð við ykkur, mína kæru vini. Því þannig má segja, að hugur minn beinist til ykkar um geimdjúpið um óraveg frá framlífsjörð minni á þessari stundu, og eins og ég var sannfærður um á jörðinni, þá er lífsambandið milli hnattanna staðreynd og undirstöðu-sannleikur. Og þýðir engum að mæla þar í móti ef hann vill vitið og skilninginn við hafa, og það er einmitt að hugsa réttilega, sem mönnum er ætlað, um þessu efni sérstaklega og af sem mestu viti og skilningi. Því þannig aðeins verður eytt hinni illu stefnu, er ekki er án sambands við rangar hugmyndir og misskilnings á hinu rétta eðli lífsins og heimsins og þeir, sem hafa vilja til að tileinka sér sannleikann, eru guðunum þóknanlegir og eiga þar hina bestu vini, þar sem þeir eru. Enda sannleikurinn leiðin til guðs, sagði nú Helgi Pjeturss. Því að villan hún getur ekki leitt til annars en sambands við hið ranga og illa. Því hún er sjálf skrumskæling hins sanna og góða. Vel er það að fá menn til að beina athugun sinni að draumlífinu í ljósi Nýals Helga Pjeturss, þannig augu þeirra opnast fyrir lífsbandinu milli hnattanna. Þið hafið gert tilraun til að koma mönnum til að athuga þetta efni, sem telja sig öðrum hæfari til að dæma um, hvað sé rétt og rangt. Sú tilraun er afrek. Ég er nú að tala um ykkar tilraun til að fá til fundar við ykkur sálfræðinga þ.e. vísindalega menntaða menn, sérfróða í þessum efnum. En það virðist nú ekki alltaf auðvelt að eiga við slíka. Fá þá til að hugsa frá öðru sjónarhorni en fræðin segja til um. Hver veit nema þetta eigi eftir að bera ávöxt.

Ég er að hugsa til þess, hvernig ég var af veikum mætti að

vekja athygli á þessum sannindum Nýals í skrifum mínum um árabíl, þó það hefði nú ekki nokkur áhrif oft og var ég stundum að hugsa, hvort ég ætti ekki að hætta þessu bara. En ég gafst aldrei upp.

Þorsteinn Guðjónsson: Ég hitti stundum menn, sem muna eftir þér og þínum skrifum.

Það þykir mér gott að heyra og ég hef raunar rekist á slíka menn, sem hafa heilsað mér og sagt mér: „Þú varst alltaf að skrifa í blöðin. Maður vissi ekki, hvað maður átti að álíta um þetta. En við sjáum nú, að þarna var maður með viti meira en í meðallagi og hefði maður verið nógu opinn fyrir hugsun þinni og ýmsum athugunum á meðvitundinni, sambandseðli hennar, þá kynni líf manns að hafa orðið miklu farsælla og viðhorfin öll önnur og skemmtilegri en raun varð á. Það hefur manni loksins í framlífi skilist (að þér er) gefin skarpari hugsun og skilningur en fjöldanum.“ Það hefur mér þótt gott að heyra, þegar menn tala svo, og ég er ekkert að draga fjöður yfir það, þó ég segist þess fullviss, að ég hafi haft þarna fullkomlega rétt fyrir mér í mínum skrifum.

Þorsteinn Guðjónsson: Er minningakenning þín metin þarna?

Fyrir kemur það, að ég hitti menn, sem hafa eitthvert veður af því, að ég hafi verið að tala um mátt minninganna í tilverunni og hef ég orðið þess var, að sumum hefur þótt eitthvað athyglisvert það, sem ég var að reyna að segja varðandi minningafræði. Þeir höfðu nú ekki áttað sig á því að öllu leyti, hvað ég var að fara en ég hef reynt að útskýra það fyrir þeim. Það hefur komið fyrir, að þeir hafa þakkað mér fyrir að gefa þeim betri skilning á eðli þróunarinnar og einstaklingsins í ljósi minningafræði minnar. Þetta er nú hægt að rekja nánar í smáatriðum en verð að láta það bíða núna. Ég hef reynt að skrifa meir um minningafræði og bæta ýmsu þar við hér í framlífi og sumir fræðimenn hér hafa þakkað mér fyrir þau skrif. Talið mig hafa þarna sýnt fram á lögmál, sem hafi mikla þýðingu til aukins skilnings á þróun lífs og heims og má vera að einhverntíma muni athygli manna á jörðinni beinast í þessa átt og mínar athuganir verða þeim að leiðarljósi.

Fyrir miðilsmunn 12. 7. 1993.

Miðill: Sveinn Haraldsson.

Fram kom: Snorri Sturluson.

Helgi Pjeturss.

Hér er annað samband.

(Snorri Sturluson):

Sæl og blessuð.

Framliðinn maður talar íslenskur.

Ég er að hugsa til ykkar fundar af annarri jarðstjörnu og skynja til ykkar. Það er hægt að segja ýmislegt ef svo ber undir, en ég vil reyna að tala af viti og er ég hér meðal vina staddur í miklum sal og fögrum og er hér fjöldi Íslendinga framliðinna saman komnir og norrænna manna annarra raunar í sal þessum.

Mjög er langt síðan ég var uppi á Íslandi og þó man ég glögglega eftir ýmsu frá þeim tíma. Hugur flýgur um aldir og minningarnar rifjast upp hver af annarri.

Snorri Sturluson.

Heil og sæl.

Skynja til ykkar yfir um geimdjúpið hnatta í milli.

Þið hafið áreiðanlega hið rétta hugarfar og réttan skilning.

Já, það hefur stórkostlega mikla þýðingu að tileinka sér höfuðsannindi Nýals, sem ég er ekki ókunnugur og met stórmikils höfund Nýals og hans fræði, sem eru hin merkilegustu og áreiðanlegustu í alla staði og því þarf auðvitað hver einstaklingur og öll þjóðin að færa sér hans fræði í nyt og auka sér vit og þekkingu stórlega. Koma þarf nýölsku lagi á hlutina.

Þar er nú það skelfilega ástand, sem er í Evrópu og víðar og þar sem hin illa stefna er í framkvæmd, þar er brotið gegn tilgangi lífsins. Þarf að breyta þeirri stefnu. Hverfa frá helstefnu til lífstefnu.

Ég hugsa mikið til gamla Íslands. Hefi mikinn hug á að birtast á gömlu jörð og svo að menn geti virt mig fyrir sér og ekki er ég einn. Fleiri Fornmenn ýmsir hafa mestan hug á því að heimsækja gamla hnöttinn. En það er nú það, sem gæti tekist, ef þjóðin yrði samhuga í þekkingu á sambandsmálunum

út frá Nýalsfræðum og uppgötvunum. Því það verður að vera sterkt aflsvæði fyrir hendi og traust til okkar nægilega öflugt. Munu þá geta opnast möguleikar að heimsækja ykkar hnött.

Munu þeir möguleikar opnast vonandi fyrr en síðar og það er ekki lítið undir því komið, að það megi takast. Þetta er raunar öllu öðru þýðingarmeira að takist að fullkomna sambandið við framlífið og á grundvelli vísindalegrar þekkingar getur það tekist. Fornmenn hugsa til framtíðarinnar út frá því sjónarmiði, að samstarf og samband við ykkar jörð geti orðið æ fullkomnara.

Hefi þetta ekki lengra að sinni og þakka fyrir.

Verið sæl.

Spurning og svar:

Fundarmaður (GH): Hvernig leistu út?

Ekki veit ég, hvort ég kem því svo glögglega fram. Ég var nokkuð hár vexti og beinvaxinn, skarpleitur nokkuð í andliti. Ljós bæði á hár og hörund. Bláeygur.

Nokkur orð til lesenda Lífgeisla

Hér kemur loks í hendur lesenda sjötta og síðasta blað þessa árgangs 1993. Ég vil þakka áskrifendum góða samvinnu og óska þeim allra heilla.

Til þess að efni ritsins megi verða sem fjölbreyttast, vil ég eindregið óska eftir, að lesendur (og aðrir) sendi ritnefnd eitt og annað efni til birtingar, svo sem greinar, drauma og hvað annað, sem fellur að efni og tilgangi þessa rits, en hann er einkum sá, að glæða skilning og áhuga sem flestra á sambandseðli og mikilleika þess alheims, sem við öll lifum í, og þeim möguleikum til betra lífs, sem felast í bættem samböndum við lengra þróað líf annarra stjarna, annarra geimsvæða, þessa sama efnisheims, sem við öll höfum kynnst að nokkru, á jarðstjörnunni okkar.

Ingvar Agnarsson.

Lífgeislar

Útgefandi: SKÁKPRENT, Dugguvogi 23, Reykjavík, símar 91-31975, -31391, -31335, fyrir hönd Félags Nýalssinna, Álfrólsvægi 121, Kópavogi, sími 40765, Pósthólf 1159, Reykjavík
Ritstjóri: INGVAR AGNARSSON

EFNISYFIRLIT

ERINDI OG GREINAR:

Vetrarbrautin gormlaga (sjá forsíðumynd). I.A.	bls.182
Rofar til fyrir réttum skilningi. Þorsteinn Guðjónsson	“ 183
Draumafræði erlendis og íslensk heimspeki. Þ. G.	“ 187
Slysa-aldan. Þ. G.	“ 189
Um nýalska heimspeki. Ólafur Halldórsson	“ 190

AUGLÝSING FRÁ SKÁKPRENTI:

Um draumabækur I. A. Safn drauma með skýringum á eðli þeirra. Höfundur: Ingvar Agnarsson	“ 198
------------------------------------------------------------------------------------------------	-------

LJÓÐ:

Sólskin. Jóhann Örn Jónsson	“ 205
-----------------------------------	-------

DRAUMAR:

Draumur Gennadiusar. Ágústínus kirkjufaðir.	
Þorsteinn Guðjónsson þýddi og skýrði	“ 206
„Ljúflingur, ljúflingur“. Ingvar Agnarsson	“ 208

SAMBANDSFUNDIR:

Fyrir miðilsmunn. Miðill: Sveinn Haraldsson	
Ritari Gunnar Hjörvar	
Þorsteinn Jónsson frá Úlfsstöðum	“ 212
Snorri Sturluson	“ 214

ÝMISLEGT.

Til lesenda Lífgeisla	“ 215
-----------------------------	-------

MYR:

Stjörnugrúi (mynd)	“ 189
Stjörnur á næturhimni (mynd)	“ 204
Sólgosið sérkennilega, 1966 (mynd)	“ 211